

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur óskað eftir athugasemdum vegna heildarendurskoðunar laga um mat á umhverfisáhrifum ekki síst með það fyrir augum að gera umhverfismatsferlið skilvirkara og efla/auðvelda aðkomu almennings að því.

Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna hefur verið umsagnaraðili við fjölmargar framkvæmdir og eru margar þeirra umfangsmiklar. Til að standa tímafresti við umsagnir hefur á stundum verið erfitt að hafa tiltæka þá þekkingu og mannafla sem til þarf til að sinna þeirri vinnu. Það á ekki síst við þar sem ekki fylgja sérstakir fjármunir til þessa málaflokks til stofnunarinnar en þeir þyrftu að vara í takt við umfang og fjölda umsagna.

Benda má á nauðsyn þess að Skipulagsstofnun hafi styrk til þess að svara spurningum framkvæmdaraðila í takti við þær umsagnir sem hún fær frá umsagnaraðilum í stað þess að beina framkvæmdaraðilum endurtekið á umsagnaraðila, sem eykur vinnuálag af umsögnum verulega. Hér þyrfti að reyna að styrkja Skipulagsstofnun til þess að hafa víðari fagþekkingu sér í lagi hvað varðar umhverfisáhrif framkvæmda. Gera þarf meiri kröfur til efnislegrar umfjöllunar matskýrslna áður en þær berast umsagnaraðilum.

Þegar um röð stórra framkvæmda á sama sviði er að ræða, þar sem staðþekking og reynsla er ekki til staðar eða takmörkuð mætti vera möguleiki í matsferlinu að hægja á fjölda framkvæmda í matsferli á meðan staðþekking og reynsla er að safnast upp við þær aðstæður sem eru hér á landi. Sama á við þegar stór framkvæmd er skipulögð í smærri þrepum. Ef geyst er farið og þekking takmörkuð er líklegt að umhverfisáhrif verði vanmetin, orðið útundan og geti jafnvel skaðað aðra starfsemi sem fyrir eru á óafturkræfan hátt. Dæmi um þetta gætu verið laxeldi í opnum sjókvím, dýpkunarframkvæmdir og byggingar vindorkuvera.

Að auki má benda á fyrri umsagnir Hafrannsóknastofnunar um breytingar á þessum lögum.

f.h.

Hafrannsóknastofnununar 4. 10. 2018.

Héðinn Valdimarsson, sviðsstjóri Umhverfissviðs